

Íslenska í tölvuheiminum

Lokaskýrsla nefndar sem mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði til að fylgja eftir stefnu um notendaviðmót á íslensku í skólum og til að gera áætlun um aðrar aðgerðir sem eru tilgreindar í málstefnunni um íslensku í tölvuheiminum.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
*Eiríkur Rögnvaldsson, Haraldur Bernharðsson, Sigrún Helgadóttir,
Björgvin Ívar Guðbrandsson, Jóna Pálsdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir.*

27. júní 2012

júní 2012

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Sigurbjörg Jóhannesdóttir

2012 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Efnisyfirlit

1. Skipun 4	
2. Starf nefndarinnar	4
2.1 Könnun á tungumáli hugbúnaðarviðmóts í skólakerfinu	4
2.2 Þróunarsjóður fyrir hugbúnaðarþýðingar og máltækni	5
2.3 Námsfni fyrir spjaldtölvur og lesbretti	5
3. Tillögur	5
3.1 Íslenskt notendaviðmót	5
3.2 Máltækni	7
3.3 Rafrænt námsfni, einkum fyrir spjaldtölvur og lesbretti.....	8
4. Lokaorð	8
Fylgiskjöl	8

1. Skipun

Með bréfi dagsettu 18. janúar 2010 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra nefnd „til að fylgja eftir stefnu um notendaviðmót á íslensku í skólum og [...] gera áætlun um aðrar aðgerðir sem tilgreindar eru í málstefnunni um íslensku í tölvuheiminum“. Í nefndina voru skipuð Björgvin Ívar Guðbrandsson grunnskólakennari, Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, Haraldur Bernharðsson dósent, Jóna Pálsdóttir sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sigrún Helgadóttir verkefnisstjóri og Sigurbjörg Jóhannesdóttir sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem er formaður nefndarinnar. Nefndin var skipuð til þriggja ára.

2. Starf nefndarinnar

Eins og gert er ráð fyrir í erindisbréfi nefndarinnar hefur starf hennar grundvallast á íslenskri málstefnu sem samþykkt var á Alþingi 12. mars 2009. Nefndin hefur einkum haft í huga eftirfarandi tillögur úr hópi þeirra sem settar eru fram í málstefnunni til að ná því markmiði sem að er stefnt, að „íslensk tunga verði nothæf – og notuð – á öllum þeim sviðum innan tölvu- og upplýsingatækninnar sem varða daglegt líf alls almennings“:

- Að allur almennur notendahugbúnaður í íslensku skólakerfi, frá leikskólum til háskóla, verði á íslensku innan þriggja ára
- Að hugbúnaður til að lagfæra og leiðrétta íslenskt málfar verði gerður og kominn í notkun innan þriggja ára
- Að gerð verði áætlun um stuðning við uppbyggingu og þróun íslenskrar máltækni næsta áratug.

2.1 Könnun á tungumáli hugbúnaðarviðmóts í skólakerfinu

Eftir nokkra undirbúningsvinnu ákvað nefndin snemma árs 2011 að gera könnun á tungumáli hugbúnaðarviðmóts í skólakerfinu. Nefndin samdi spurningar og gekk frá könnuninni í samráði við mats- og greiningarsvið ráðuneytisins sem fól Capacent Gallup framkvæmdina. Spurningalisti var sendur öllum grunnskólum landsins, 170 talsins, á útmánuðum 2012, og var svörun 100%.

Meginniðurstöðurnar eru að skólastjórar 70 skóla af 170 segja það ekki vera opinbera stefnu síns skóla að viðmót á tölvum nemenda sé á íslensku. Þetta er athyglisvert – og áhyggjuefni – í ljósi þess að í íslenskri málstefnu sem samþykkt var á Alþingi 12. mars 2009 er að finna skýra stefnumörkun um að notendaviðmót tölva í öllu skólakerfinu verði á íslensku innan þriggja ára. Þau þrjú ár voru einmitt liðin um þær mundir sem könnunin var gerð.

Þótt niðurstöður könnunarinnar séu á ýmsan hátt frábrugðnar því sem nefndin hefði óskað telur hún að skýrslan sé mjög mikilvæg undirstaða áframhaldandi vinnu við að vekja athygli á og vinna að markmiðum málstefnunnar um notkun íslensku í tölvu- og upplýsingatækni. Tillögur nefndarinnar hér á eftir taka mið af þessari skýrslu.

2.2 Þróunarsjóður fyrir hugbúnaðarþýðingar og máltækni

Annað mál sem nefndin vann að fyrri hluta árs 2011 var áætlun um fjármögnun aðgerða á sviði máltækni og hugbúnaðarþýðinga, sbr. áður nefnt ákvæði í erindisbréfi. 14. apríl 2011 sendi nefndin mennta- og menningarmálaráðherra bréf þar sem lagt var til „að komið verði á þróunarsjóði til að styðja verkefni á sviði hugbúnaðarþýðinga og máltækni og stuðla þannig að framkvæmd íslenskrar málstefnu“. Þetta var gert í framhaldi af kynningu hugmyndarinnar á fundi með ráðherra þann 24. mars 2011, en ráðherra hvatti þar til þess að nefndin legði fram erindi þessa efnis. Með bréfinu fylgdu hugmyndir að fyrstu verkefnum á báðum sviðum; að ljúka þýðingu á OpenOffice og hjálpartextum í Windows og Microsoft Office, og að skrifa hugbúnað til að finna málfarsvillur.

Ráðuneytið svaraði með bréfi dags. 20. júlí 2011, þar sem því er lýst að ráðuneytið hafi „komist að þeirri niðurstöðu að heppilegast [sé] að það verði eitt af hlutverkum Málræktarsjóðs að styrkja verkefni á framangreindu sviði“. Málræktarsjóður er hins vegar sjálfstæður sjóður sem ekki er á forræði ráðuneytisins, auk þess sem hann hefur ekki getað úthlutað styrkjum í rúman áratug. Þótt vonir standi til að úthlutun styrkja geti brátt hafist að nýju er ljóst að þar verður aðeins um lágar fjárhæðir að ræða sem munu skiptast á mörg verkefni. Nefndin ítrekar því tillögu sína um þróunarsjóð hér á eftir.

2.3 Námsefni fyrir spjaldtölvur og lesbretti

Á síðustu mánuðum hefur nefndin einnig fjallað nokkuð um stöðu íslenskunnar gagnvart spjaldtölvum og lesbrettum, sem nú er farið að nýta í tilraunaskyni til kennslu í nokkrum íslenskum skólum. Að frumkvæði Íslenskrar málnefndar og Samtaka móðurmálskennara boðaði mennta- og menningarmálaráðherra til samráðsfundar um þetta efni 7. maí sl. Á þennan fund voru boðaðir fulltrúar tölvusala, skóla sem nýta spjaldtölvur og lesbretti í kennslu, Námsgagnastofnunar, Samtaka móðurmálskennara, Íslenskrar málnefndar o.fl., auk nefndarmanna í nefnd um íslensku í tölvuheiminum.

Á fundinum urðu miklar umræður bæði um tungumálið á stýrikerfi spjaldtölva og um nauðsyn þess að fá námsefni á íslensku til að nýta í þessum nýju tækjum. Ítarlegir minnispointar voru ritaðir um fundinn og fylgja þeir hér með. Eftir þennan samráðsfund hefur nefndin rætt málið á fundum sínum og gerir tillögur um úrbætur í þessum eignum hér á eftir.

3. Tillögur

Nefndin telur að hún hafi nú forsendur til að leggja fram ákveðnar tillögur eins og henni var falið í erindisbréfi. Hér á eftir er því að finna tillögur um aðgerðir á þeim þrem megin sviðum sem nefndin hefur fjallað um; íslenskt notendaviðmót, máltækni og rafrænt námsefni, einkum fyrir spjaldtölvur og lesbretti.

3.1 Íslenskt notendaviðmót

Tillögum hópsins er snúa að notendaviðmóti má skipta í þrjá meginhluta, A–C.

A. Útbreiðsla íslensks viðmóts þar sem það er til

Kynna þarf tilvist íslensks viðmóts (*margir vita ekki að það er til*) og brýna stofnanir til að taka það upp (*margir vita af íslensku viðmóti en tregðast við að taka það upp*). Eðlilegt er að leggja megináherslu á skóla á öllum skólastigum og opinberar stofnarnir (*þær gangi á undan með góðu fordæmi*). Eftirfarandi er lagt til:

- Ráðherra skrifi stjórnendum þeirra grunnskóla sem ekki hafa tekið upp íslenskt notendaviðmót

samkvæmt könnuninni. Bréfi ráðherra verði skipulega fylgt eftir með símtölum við skólastjórnendur til að kynna stefnu ráðherra.

- Ráðherra takið málið upp á vettvangi kennara og skólastjórnenda í grunn- og framhaldsskólum (*menntaþingi í haust eða öðrum sambærilegum vettvangi*). Leggja verður á það áherslu að málefnið verði sífellt brýnna eftir því sem notkun spjaldtölva í skólum eykst.
- Ráðherra taki málið upp á degi íslenskrar tungu (*og svo oft sem þurfa þykir*). Þann dag eiga málefni íslenskrar tungu frátekið rými í fjölmiðlum og ráðherra getur vakið athygli á málefninu með ýmsum hætti, meðal annars í skólaheimsóknum.
- Ráðherra taki málið upp á vettvangi Stjórnarráðsins og annarra opinberra stofnana. Stjórnarráð og opinberar stofnarnir taki allar upp íslenskt viðmót þar sem það er til og gangi á undan með góðu fordæmi (*eins og mælt var fyrir um í Íslenskri málstefnu*). Hér er Háskóli Íslands ekki undanskilinn en þar er enska sjálfgefið tungumál á tölvum í tölvuverum þótt íslenskt viðmót sé tiltækt á tölvunum.
- Umboðs- og söluaðilar verði hvattir til að setja upp íslenskt viðmót á tölvum og sínum þannig að kaupandi fái íslenskt viðmót uppsett þegar í upphafi. Markmiðið er að íslenskt viðmót verði sjálfgefið alls staðar þar sem það er til.
- Leitað verði samstarfs við umboðs- og söluaðila tölva og síma um að auglýsa íslenskt notendaviðmót.
 - o Slagorð: „Tölvan mín er á íslensku“, „Okkar tölvur eru á íslensku“, „Er tölvan þín á íslensku?“
 - o Auglýsingar í blöðum og öðrum miðlum, auglýsingaspjöld í verslunum.
 - o Límmiðar á nýjum tölvum: „Íslenskt stýrikerfi“.
 - o Efna mætti til samstarfs við Mjólkursamsöluna og fá eitthvað af ofangreindu á mjólkurumbúðir.

B. Hugbúnaðarþýðingar og íðorðastarf

Brýnt er að halda við þýðingum á notendaviðmóti og notendahugbúnaði og þýða það sem ekki hefur þegar verið þýtt. Þetta starf þarf stöðugt að vera í gangi, enda sífellt að bætast við nýr og nýr hugbúnaður sem þarf að þýða. Til að viðhalda þýðingarstarfinu, efla það, gera það markvissara og stuðla að samræmi í þýðingum milli mismunandi hugbúnaðar og tölvukerfa er eftirfarandi lagt til:

- Stjórnvöld og Íslensk málnefnd sendi framleiðendum erindi (*í samráði við innflytjendur*) og veki athygli á mikilvægi þess að notendaviðmót hugbúnaðar verði íslenskað.
- Þróunarsjóður verði settur á fót og veiti styrki til hugbúnaðarþýðinga.
- Sett verði á fót opið þýðingaminni fyrir íslenskar hugbúnaðarþýðingar. Þýðingaminni er gagnagrunnur með þýðingum sem bæði flýtir fyrir þýðingum og eykur samkvæmni. Þýðingaminni er nauðsynlegt hjálpartæki í hugbúnaðarþýðingum þar sem mikilvægt er að geta brugðist hratt við og boðið upp á íslenska þýðingu um leið og nýjar uppfærslur hugbúnaðar fara í dreifingu.
- Íðorðastarf í tölvu- og upplýsingatækni verði eft. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands vinnur nú að fimmtu útgáfu Tölvuorðasafns sem verður birt á <http://tos.sky.is/> sumarið 2012. Starf orðanefndarinnar hefur að mestu verið unnið í sjálfboðavinnu en þeir sem hafa skipað hana undanfarna áratugi hyggjast draga sig í hlé eftir að fimmtu útgáfu er lokið. Þess vegna er lagt til að mennta- og menningarmálaráðuneytið efni til samstarfs ráðuneytisins, Skýrslutæknifélags Íslands og Íslenskrar málnefndar um íðorðastarf í tölvu- og upplýsingatækni. Lagt er til að leggja þessu starfi til fjármuni á fjárlögum á hverju ári sem nemi kostnaði við einn starfsmann.

C. Samráðsvettvangur

- Ráðuneytið og Íslensk málnefnd gangist reglulega fyrir samráðsfundum með hagsmunaaðilum (innflytjendum, hugbúnaðarframleiðendum, þýðendum o.fl.) til að skerpa stefnu og áherslur og efla samvinnu.

3.2 Máltækni

Í íslenskri málstefnu kemur fram að mikilla aðgerða sé þörf til að bæta stöðu íslenskrar máltækni. Þetta var staðfest í umfangsmikilli könnun á stöðu máltækni fyrir 30 Evrópumál sem gerð var á síðasta ári og birtist í skýrslum sem eru að koma út hjá Springerforlaginu. Íslenska skýrslan nefnist Íslensk tunga á stafrænni öld – The Icelandic Language in the Digital Age. Í samanburði á stöðu máltækni fyrir þessi 30 tungumál kom í ljós að íslenska er í neðsta flokki af fjórum hvað varðar þá fjóra meginþætti sem flokkað var eftir (*talvinnsla, vélþýðingar, textagreining, málleg gagnasöfn*), og raunar í næstneðsta sæti af málunum 30 – aðeins maltneska stendur verr að vígi.

Nefndin telur að það sé mjög mikilvægt að bæta stöðu íslenskrar máltækni og stefna að því að íslenska komist upp úr neðsta flokki í a.m.k. tveimur þeirra fjögurra þátta sem miðað er við í áðurnefndri skýrslu á næstu þremur árum. Til að svo megi verða þarf ríkið að styðja myndarlega við þróunarstarf á sviði máltækni. Árið 1999 áætlaði starfshópur um máltækni að það myndi kosta u.þ.b. einn milljarð króna á þágildandi verðlagi að gera íslenska máltækni sjálfbæra. En enda þótt máltækniáætlun menntamálaráðuneytisins 2000-2004 hafi verið árangursrík og haft mikil áhrif á þróun íslenskar máltækni verður að hafa í huga að ráðstöfunarfé hennar var aðeins um 1/8 af því sem starfshópur um máltækni taldi þurfa. Því þarf ekki að koma á óvart að íslensk máltækni standi enn mjög veikt.

Frá því að máltækniáætluninni lauk hefur opinber stuðningur við íslenska máltækni einskorðast við rannsóknarstyrki sem einstakir fræðimenn og hópar hafa aflað úr samkeppnissjóðum. Augljóslega er ekki á vísan að róa með slíka styrki og þeir eru t.d. engir á þessu ári. Þar að auki eru mörg brýn íslensk máltækniverkefni þess eðlis að þau falla illa að verksviði rannsóknarsjóða og annarra samkeppnissjóða. Nauðsynlegt er að tryggja nýtingu þess búnaðar og gagna sem þegar hefur verið komið upp, svo og þeirrar þekkingar og reynslu sem safnast hefur saman meðal fræðimanna og fyrirtækja.

Megintillaga nefndarinnar á sviði máltækni er eftirfarandi:

- Stofnaður verði þróunarsjóður íslenskrar máltækni með a.m.k. 20 milljóna árlegu framlagi á fjárlögum. Þessi sjóður úthluti fé til grundvallarverkefna í samræmi við áætlun sem gerð verði um þróun og uppbyggingu íslenskrar máltækni. Nefndin leggur einnig til að þegar í stað verði veitt fé til tveggja verkefna, sem bæði eru nefnd í íslenskri málstefnu sem forgangsverkefni í íslenskri máltækni:
- Hugbúnaður til málfarsleiðréttinga. Jón Friðrik Daðason tölvunarfræðingur hefur undanfarin ár unnið að vélrænni leiðréttingu ljóslesinna texta í samvinnu við Árnastofnun og ýmsa fræðimenn Máltækniseturs, og meistararitgerð hans fjallaði um þetta efni. Þær aðferðir sem hann þróaði þar geta nýst mjög vel við gerð búnaðar til málfarsleiðréttinga.
- Íslensk talgreining. Jón Guðnason lektor við Háskólann í Reykjavík hefur síðan í fyrra verið í samvinnu við Google um undirbúningsvinnu vegna íslenskrar talgreiningar. Ýmsir aðrir fræðimenn Máltækniseturs hafa tekið þátt í þessu verkefni. Efnissöfnun er lokið en nú liggur fyrir að þróa íslenskan talgreini og koma honum í gagnið í margvíslegum verkefnum.

3.3 Rafrænt námsefni, einkum fyrir spjaldtölvur og lesbretti

Rafrænt námsefni var ekki meðal þess sem nefndinni var ætlað að sinna samkvæmt erindisbréfi sínu. En vegna þess að tilraunir með nýtingu spjaldtölva og lesbretta hafa komið þessu efni í sviðsljósið, og það varðar augljóslega stöðu íslenskunnar í tölvuheiminum, þótti nefndinni eðlilegt að taka það til umfjöllunar og koma með hugmyndir um aðgerðir á því sviði. Meðal þess sem nefndin telur mögulegt að gera er eftirfarandi:

- Kannað verði hvaða námsefni er til í tölvutæku formi, hvort hægt sé að uppfæra það fyrir spjaldtölvur og lesbretti og hvaða kostnaður fylgi þeim breytingum.
- Hvatt verði til námsefnisgerðar fyrir spjaldtölvur og lesbretti, til dæmis á fyrirhugaðri ráðstefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins í ágúst um námskrár, og á degi íslenskrar tungu.
- Auglýstir verði styrkir, t.d. úr þróunarsjóði námsgagna,
 - o til að þróa nýtt, opið námsefni sem verði aðgengilegt gegnum miðlunarþjón fyrir opið námsefni sem kemur á Menntagátt í haust,
 - o til uppfærslu á eldra efni þannig að það verði opið til frekari þróunar og aðgengilegt gegnum miðlunarþjón á Menntagátt,
 - o til þýðinga á erlendu efni sem hannað er fyrir spjaldtölvur og lesbretti.
- Stofnaður verði sjóður til að verðlauna opið og gagnvirkt námsefni sem uppfyllir grunnþætti í nýjum námskrám, þar með talið grunnþátt um sköpun.
- Fé verði lagt í að kaupa upp höfundarétt á námsefni.
- Ráðuneytið sjái til þess að á Menntagátt verði fylgst með gerð námsefnis, kröfur gerðar um gæði og leiðbeiningar veittar námsefnishöfundum og notendum.

4. Lokaorð

Nefndin hefur nú starfað í tvö og hálf ár af þriggja ára skipunartíma sínum. Nefndarmenn telja eðlilegt að starfi nefndarinnar ljúki með þessari skýrslu en leggja til að Íslenskri málnefnd og Máltæknisetri verði falið, í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, að gera áætlun um uppbyggingu og þróun íslenskrar máltækni næsta áratug, og halda áfram eftirfylgni með markmiðum íslenskrar málstefnu um íslensku í tölvuheiminum.